

Helgi Pjeturss dr.

ÞÖRFIN FYRIR NÝA HEIMSKOÐUN

I.

I 6. hefti Þráðaritars Úval, 1917, er meðan eftir Albert Einstein, og þessi fornáði með: „Fékkastí viðindamaður heimskins segir að það sem mannkinni riði næst á, sjo ný heimskoðun“.

Eldri þarf að efa, að greinin er góð og meikleg. En hitt er engu síður vist, að hin nýa heimskoðun Einstein er mjög ófullnægjandi. Enga stærðfræðipekkingu þarf til þess að geta fullyrkt það. Það er i augum uppi, að heimskoðun þar sem lífið kemur alls ekki til greina, hlýtur óhákvæmilega að vera mjög ófullkominn. Það sem vantari er, meira að segja, ekkert minna en aðalatriði. Því að það sem vjer um fram alt þursum að áttá oss á og ráða framúr, er þetta: Er haegt að breyta svo til batnaðar lífinu hjer á jörðu, að af-sannist orð hins milda spekings Schopenhauers. En hann sagði: „Lífloð er það sem betur væri ekki“. Þessi kennung spekingsins er ennþá flugunarverðari þegar menn vita, að framvindustefna lífsins hjer á jörðu, er alveg ófæð það sem rjett er að nefna helstefnu. Og glötunin vis, og það skamt undan, ef svo yrði haldið fram stefnunni. Spurningin verður

þó fyrst, hvort til muni vera nokkur sú stefna sem ekki sjá heilt efna, og síðan, hvort þess muni nokkur kostur að breyta um stefnu. Og vist er það, að ekkert er til sem mannkyni voru riður eins mikil að og þekking í þessum efnunum. En einnig það er vist, að hjer verður eitthvað meira að koma til en jafnvælinnar stórkostlegustu uppgötvunar á lögmálum hinnar líflausu náttúru. Eins og nú einmitt eru þær frægu uppgötvunar í eðlisfræði og efnafraeði, sem mönnunum hefur fundist svo mikil um, að þeir tala um að ný óld sje hafin, þádeildisorkuöldin.

II.

Wilhelm Ostwald er einn sá maður sem jeg hef sjéð skrifa af glegstum skilningi á því, hvilik nauðsyn væri nýrra uppgötvana í líffræði og ekki einungis í eðlisfræði, ef framfarir í visindum ættu að geta orðið einsog hyrfti. Ostwald var mjög kunnur efnafraeðingur, en gaf sig þó, síðari ár ævi sinnar, mikil að heimspeki. Og er til bók eftir hann sem heitir Naturphilosophie. Ekki man jeg þó eftir neinni bendingu hjá honum sem virðist vera nokkurn veginn í rjetta átt í þessu efni. En á því virðist ekki geta verið neinn vafi, að það sem þarf er eiginlega ekkert minna en það, að mannkynið geti breytst í fullkomnari lífegund, og þá fullkomnari einkum að viti. Og raunar virðist þetta ekki þurfa að vera svo óefnilegt, þegar þess er gætt, að hinna ýmsu manntegundir nútímans eru, án nokkurs vafa, ættaðar frá mann-

tegundum sem voru nútímans mönnum miklu síðri að viti. Framfarir í þessu aðalatriði hafa alveg vafalaust átt sjér stað, en að visu á lóngum tíma. Hinsvegar er ~~væðinn~~ svo yfirvosandi nú, að skjótra framfara er þörf, ef duga skal. En ekki efast jeg þó um, að einmitt þetta getur orðið. Vjer verðum aðeins að fera oss betur í nyt en gert hefir verið, hina svo furðulegu grísku sköp unarsögu, sem er að rekja til Pýþagorasar og Platons. Og að visu þó að auka þar við, ekki allóverulega.

Jeg tel vist, að hinir grísku spekingar hafi haft rjett fyrir sjér í því, að lífis hjer á jörðu sje að rekja til nokkurskonar geislana frá miklu fullkomnari lifverum á öðrum jarðstjórnunum alheimsins. Og jeg held því fram, að nú sje fengin fullkomlega vísindaleg vissa fyrir því, að í svefn á sjér lífsamband stað milli hinna ýmsu jarðstjarna alheimsins. Og eins, að um slikt samband er að ræða á miðilsfundum, þar sem menn hafa haldið, að samband sje fengið við einhvern óskiljanlegan andaheim.

Það er þetta samband sem, með tilstyrk nýrrar vísindalegrar þekkingar, má auka svo og bæta, að árangurinn verði hin furðulegasta auknung lífsorku og vits. En þegar svo er komið verður mannkyni voru í augum uppi að því er fyrr sett að stefna einhuga að tilteknu marki, og að þá fyrst þegar það er gert, er hinni rjettu framvindustefnu náð. Það er sakir vanþekkingar á þessum aðalatriðum heims- og líffraðinnar, sem langmestu og öflugustu samtökin hjer á jörðu hafa einmitt verið um það, sem síst skyldi vinna, og hin mestu mikilmenni mannkynssögunnar, þarafleidandi mjög miklu oftar en hitt, verið einmitt verstu mennirnir, þeir sem allra drottnumargjarnastir voru, ággjarnastir og miskunnarlausastir, manndráparar og raenningar meiri en allir aðrir. Það er vandl að skilja hvað muni vera

hið rjetta nafn á vegferð mannkyns, þar sem slikir hafa verið foringjarnir.

10. 3.

Helgi Pjeturss,